

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2020
2002139/0.4.1/khn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, lögum um verslun og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs með síðari breytingum (vefverslun með áfengi).

Embætti landlæknis ítrekar athugasemdir sem gerðar voru við frumvarp þetta á fyrri stigum, einkum það að allar aðgerðir sem leiða til aukinnar notkunar áfengis hafa í för með sér aukinn samfélagslegan kostnað.

Undanfarin ár hefur embættið landlæknis ítrekað varað við og lagst gegn breytingum á því fyrirkomulagi sem er á sölu áfengis á Íslandi. Takmarkað aðgengi að áfengi, sem meðal annars felur í sér takmarkað aðgengi með einkasölu ríkisins á áfengi, er áhrifarík leið til að draga úr skaðlegum áhrifum vegna notkunar áfengis.

Ekki þarf að efast um skaðleg áhrif áfengis á einstaklinga og samfélög, en á hverju ári látast rúmlega þrjár milljónir manna í heiminum af áfengistengdum orsökum. Engin þekkt mörk eru um skaðleysi áfengis og því ber að lágmarka, eða takmarka, aðgengi og notkun áfengis eins og kostur er. Embætti landlæknis leggst því gegn þeim breytingum sem boðaðar eru í þessum frumvarpsdrögum.

Virðingarfyllst,

Embætti landlæknis